232. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands - haldinn 17. apríl 2026
Mætt: Anna Valgerður Sigurðardóttir (skipuð af ráðherra), Einar Freyr Elínarson (fulltrúi sveitarfélaganna, á Teams), Ellý Tómasdóttir (skipuð af ráðherra), Halldóra Guðlaugsdóttir (fulltrúi foreldra), Sigursveinn Sigurðsson (aðstoðarskólameistari), Soffía Sveinsdóttir (skólameistari), Sveinn Ægir Birgisson (formaður skólanefndar, fulltrúi sveitarfélaganna).

Guðbjörg Bergsveinsdóttir (fulltrúi kennara), Jóhann Karl Ásgeirsson og Daníel Smári Björnsson (fulltrúi nemenda) boðuðu forföll.

Gestur á fundi: Haraldur Eiríksson (fjármálastjóri).
Skólameistari setti fundinn kl. 13

Dagskrá:

1. Fjármál – Haraldur
2. Viðhald á skólahúsnæði - Soffía
3. Heimavist og garðyrkjunámið -
4. Heimsókn tengiliðar frá MRN til FSu -
5. Næsta skólaár (ráðningar, innritun o.fl.) -
6. Uppfærsla á gjaldskrá -
7. Önnur mál

1. Fjármál– Haraldur

Haraldur fór yfir rekstrarniðurstöðu síðasta árs. Framan af leit út fyrir að það yrði um 70 milljón króna halli á rekstri skólans en með viðbótarfjármagni seinni hluta árs liggur fyrir að afgangur varð á rekstrinum upp á rétt rúmlega 10 milljónir.

Þá fer rekstur skólans nokkuð vel af stað á þessu ári, a.m.k. fyrstu þrjá mánuðina.

Skólinn fékk kröfu frá hinu opinbera, rétt fyrir páska, að skila um 14,5 milljónum í afgang fyrir árið 2026. Fyrir liggur að skólanum er gert að vinna niður uppsafnaðan halla á næstu tveimur og hálfu ári.

Fjármálastjóri skólans vinnur í áætlanagerð miðað við þessar forsendur. Eru ýmsar leiðir í skoðun hvað það varðar.

Þá hefur skólinn lokið örútboði vegna endurnýjunar á tölvubúnaði í Hamri, verknámshúsinu, en rými er fyrir þá endurnýjun út frá rekstraráætlun ársins.

Umræða um reiknilíkan sem liggur til grundvallar fjárveitingum til framhaldsskólanna.

2. Viðhald á skólahúsnæði - Soffía.

Skólameistari kynnti stöðu mála á viðhaldi húsnæðis skólans. Soffía fór ásamt húsverði skólans á fund með FSRE í september 2025 til að ræða helstu verkefnin. Ákveðið var að helmingur stóra gluggans á Odda yrði endurnýjaður í sumar og hinn helmingurinn sumarið 2027. Klæðningin á norðurhlið Odda yrði þá mögulega tekin í gegn í einhverjum hlutum þar á eftir.

Þá er einnig í skoðun að breyta skrifstofuganginum í Odda. Arkitekt hefur komið og gert tillögu að breytingum. Leyfi þarf þó frá MRN fyrir breytingunum. Það er í vinnslu.

3. Heimavist og garðyrkjunámið - Soffía

Skólameistari fór yfir stöðu mála hvað varðar heimavistina. Samningur skólans við rekstraraðila hennar rennur út 15. maí nk. FSRE þarf að auglýsa eftir nýju húsnæði. Óvissa er um hvort heimavist verði trygg við skólann í haust. Soffía hefur rætt stöðuna við fulltrúa SASS og rætt möguleiðar leiðir til úrlausnar til framtíðar.
Soffía segist bera von til þess að auglýsingin verði birt innan skamms.
Umræða um stöðu garðyrkjunámsins. Fundir fagnefnda voru í febrúar og mars. Þá átti skólameistari fund með ráðuneytisstjóra MRN um miðjan febrúar en lítið hefur heyrst síðan þá. Skólameistari mun ítreka ósk sína um stefnu ráðuneytisins um framtíð námsins. Opið hús verður í Garðyrkjuskólanum sumardaginn fyrsta í næstu viku. Þar gefst almenningi kostur á að kynna sér skólann og námsframboðið eins og hefð er fyrir.

4. Heimsókn tengiliðar frá MRN til FSu - Soffía

Tengiliður skólans við MRN, Hulda Anna Arnljótsdóttir, heimsótti skólann í byrjun vikunnar ásamt Óttari Proppé, sérfræðingi í ráðuneytinu. Fengu þau kynningu á skólanum, námsframboði hans og fengu leiðsögn um húsnæði skólans á Selfossi auk þess sem þau heimsóttu Garðyrkjuskólann líka.

5. Næsta skólaár (ráðningar, innritun o.fl.) - Soffía og Sigursveinn

Skólameistari fór yfir stöðu ráðningarmála fyrir næsta vetur. Ester Ýr Jónsdóttir hefur verið ráðinn áfangastjóri við skólann til fjögurra ára. Þá hefur skólinn einnig auglýst nokkrar aðrar stöður, kennara í líffræði, trésmíði, rafvirkjun, rafeindavirkjun og vélvirkjun. Einnig hefur verið auglýst eftir þroskaþjálfa og mögulega þarf að auglýsa eftir stuðningsfulltrúa.

Innritun eldri nemenda stendur nú yfir. Mikil aðsókn er í nám í pípulögnum og rafvirkjun í kvöldskóla.

6. Uppfærsla á gjaldskrá - Soffía

Umræða um gjaldið sem nemendur í garðyrkju og í kvöldskóla greiða. Upphæðin byggir á reglugerð um gjaldtöku í framhaldsskólum sem hefur verið óbreytt í nokkuð langan tíma.

Soffía kynnti tillögur að breytingum á gjaldskóla skólans sem tæki gildi fyrir haustið 2026:

- nemandi sem hefur nám við skólann og óskar eftir mati á fyrra námi í öðrum skóla greiði 5.000 kr. (sú upphæð er í dag 2.500 kr.). - samþykkt.

afrit af skírteini/námsferli kosti 1000 kr. samþykkt.

7. Önnur mál

Engin önnur mál.

Næsti fundur skólanefndar verður föstudaginn 9. október.
Fundi slitið kl. 14:15
Fundargerð ritaði Sigursveinn Sigurðsson.

Elly Tómasdóttir
Sveinn Ægir Birgisson
Anna U. Sigurðardóttir
Sigursveinn Sigurðsson